

BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2010 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Atlastaðir. Úr landi Syðri-Hofdala í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Ársel. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.
Barkarstaðaskógur. Úr landi Barkarstaðasels í Húnaþingi vestra.
Dægra. Úr landi Strandar II í Rangárþingi eystra.
Finnsstaðaholt. Úr landi Finnsstaða I á Fljótshéraði.
Fornustekkar II. Úr landi Fornustekka í Sveitarfélaginu Hornafirði.
Goðanes. Úr landi Stóru-Háeyrar í Sveitarfélaginu Árborg.
Hnjótur. Úr landi Mundakotstúns og Gamla-Hrauns í Sveitarfélaginu Árborg.
Hofsstaðir II. Úr landi Hofsstaða í Sveitarfélaginu Skagafirði.
Hraunholt. Úr landi Efri-Gegnishóla í Flóahreppi.
Hvítholt. Úr landi Langholts I í Flóahreppi.
Leynir. Úr landi Stóra-Klofa í Rangárþingi ytra.
Litlavík. Úr landi Neðra-Sels í Rangárþingi ytra.
Lækjarnes. Úr landi Laxness í Mosfellsbæ.
Skeiðvellir. Úr landi Köldukinnar í Rangárþingi ytra.
Skógarkot. Úr landi Grjóteyrar í Borgarbyggð.
Völlur. Úr landi Stóru-Sandvíkur í Sveitarfélaginu Árborg.

Árið 2010 fjallaði örnefnanefnd ennfremur um og féllst á beiðni um eftirgreinda breytingu á nafni býlis og sendi hið nýja nafn hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Festarklettur. Áður Knarrarberg í Eyjafjarðarsveit.

Örnefnanefnd, 31. desember 2010.

Þóra Björk Hjartardóttir formaður.